

Fundargerð

Fjarfundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar mánudaginn 11. apríl 2022 og hófst hann kl. 16. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir varaformaður, Steinunn Stefánsdóttir og Anna Sigríður Þráinsdóttir. Luciano Dutra mætti ekki. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1) Málræktarþing í haust

Sjá fg. stj. ÍM 3/2022. Málræktarþingið, sem haldið verður fimmtudaginn 29. september í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins, ber yfirskriftina *Íslensk tunga og nýir miðlar*. Undirbúningur málræktarþingsins er langt kominn.

2) Málþing 30. apríl

Sjá fg. stj. ÍM 3/2022. Áfram var rætt um skipulagningu fyrirhugaðs málþings um kynhlutlaust mál sem haldið verður í Veröld laugardaginn 30. apríl.

3) Ráðstefna í Ungverjalandi 12.-13. maí

Sjá fg. stj. ÍM 3/2022. Alþjóðleg ráðstefna um málstefnu verður haldin í Búdapest í Ungverjalandi 12.–13. maí en ráðstefnan fer einnig fram á netinu. Eva María mun kynna íslenska málstefnu á ráðstefnunni í gegnum netið.

4) Endurskoðun Norrænnar tungumálayfirlýsingar

Ný útgáfa af norræni tungumálayfirlýsingu (nordisk sprogdeklaration) kemur út í ár og frestur til að skila inn athugasemdum er 28. apríl.

5) Önnur mál

a) Þakkarbréf

Íslenskri málnefnd barst þakkarbréf frá Taras Kremin frá málnefnd Úkraínu fyrir að hafa sýnt stuðning við aðild Úkraínu að EFNIL (European Federation of National Institutions for Language).

b) Málstefna

Dæmi eru um að leitað hafi verið til Íslenskrar málnefndar í sambandi við leiðbeiningar við gerð málstefnu fyrir skóla og sveitarfélög. Rætt var um að bjóða þeim sem vinna að gerð málstefnu að hitta fulltrúa úr stjórn Íslenskrar málnefndar á rafrænum fundi til að fá ráðleggingar.

c) Næsti fundur

Næsti fundur í stjórn Íslenskrar málnefndar verður haldinn 2. maí kl. 16 og verður staðfundur.

Fleira gerðist ekki; fundi slitið kl. 17:00.

Ármann Jakobsson
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.